

Söngdagskrá Ísaksskóla 2025-2026

6. – 10. apríl

Annar í páskum á mánudegi

Manstu ekki eftir mér

Negro, blanco, rojo

Sokkablús

Lóan er komin

Kveiktu á ljósi

13.-17. apríl

Skipulagsdagur á mánudegi

Vorvísá

Vorsöngur Ídu

Manstu ekki eftir mér

Sokkablús

Negro, blanco, rojo

20.-22. apríl

Sumardagurinn fyrsti á fimmtudegi,

frídagur á föstudegi

Syngdu

Föstudagslagið

Manstu ekki eftir mér

Vorið er komið

Vorsöngur Ídu

Manstu ekki eftir mér

Lag: Ragnhildur Gísladóttir

Ljóð: Þórður Árnason

Ég er á vesturleiðinni, á háheiðinni.

Á hundraðogtíu ég má ekki verða of seinn

Ó-ó

Það verður fagnaður mikill vegna

opnunar,

Fluggrillsjoppunnar.

Svo ég fór, og pantaði borð fyrir einn.

Ég fresta því stöðugt að fá mér starf, síðan síldin hvarf.

Enda svolítið laturlátur til vinnu en hef það samt gott.

Ó-ó.

En konurnar fíla það mætavel, allflestar að ég tel

Ég er og verð bóhem og þeim finnst það flott.

Manst' ekki eftir mér?

Mikið lítur þú vel út beibí, frábært hár

Manst' ekki eftir mér?

Hvar ertu búin að vera öll þessi ár.

Ég hef nokkuð lúmskan grun um að, ein gömul vinkona

Geri sér ferð þangað líka ég veit hvað ég syng.

O-ó.

Hún er svo til á sama aldri og

ég, askoti hugguleg

Og svo er, hún á hraðri leið inná þing.

Manst' ekki eftir mér?

Mikið lítur þú vel út beibí, frábært hár.

Manst' ekki eftir mér?

Hvar ertu brúin að vera öll þessi ár.

Ég er á vesturleiðinni, á háheiðinni.

Á hundraðogtíu ég má ekki verða of seinn

Ó-ó!

Það verður fagnaður mikill vegnar

opnunar,

Fluggrillsjoppunnar.

Svo ég fór og pantaði borð fyrir einn.

Manst' ekki eftir mér?

Mikið lítur þú vel út beibí, frábært hár.

Manst' ekki eftir mér?

Hvar ertu búin að vera öll þessi ár.

Vorvísa

Lag: Hallbjörg Bjarnadóttir
Ljóð: Jón Thoroddsen

Vorið er komið og grundirnar gróa,
gilin og lækirnir fossa af brún;
syngur í runni, og senn kemur lóa,
svanur á tjarnir og þröstur í tún;
nú tekur hýrna um hólma og sker,
hreiðra sig blikinn og æðurin fer;
hæðirnar brosa og hlíðarnar dala,
hóar þar smali og rekur á ból;
lömbin sér una um blómgaða bala,
börnin sér leika að skeljum á hól.

Vorsöngur Ídu

Lag: Georg Riedel
Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Það væri' ekki' í vændum neitt sumar
ef vorið því ýtti' ekki af stað
að sunnan með sumarlegt veður
og svo flykkjast blómin öll að.
Já, blómunum kem ég í blóma
á bithagann grænu hef smurt
þið sjáið að komið er sumar
því sent hef ég snjóinn í burt.

Og vatnið það læt ég í lækinn
sem líður hér buslandi um,
svo fylli ég loftið af fuglum
og fæði á mýflugunum.
Ég lagfæri laufin á trjánunum
og læt gera hreiður í þeim.
Á kvöldhimni skreyti ég skýin
svo skærbleik þau ljóma' út í geim.

Og börnunum færi ég berin,
þau beinlínis eiga' á því rétt
og ýmislegt skemmtilegt annað
svo öll verður tilveran létt.

Svo bý ég til bala og lautir
og börnin þar hlaupa í leik.
Þau fagna og fyllast af sumri
og fæturnir þjóta á kreik.

Syngdu

Lag og ljóð: Bragi Valdimar Skúlason

Syngdu ef þú átt söng í hjarta þér.
Hann má fjalla' um hvað em er.
Viltu syngja hann með mér?

Syngdu ef þú átt söng sem er þér kær.
Hann má vera angurvær,
ef hann rétta strengi slær.

*Ef þú finnur hreinan tón
sem hæfir hjartastað
þá er söngurinn einmitt
galdurinn sem getur það.*

Syngdu ef þú átt söng sem veitir styrk
þegar veröldin er myrk.
Þá verður vonin aftur virk.

Syngdu ef þú átt söng sem gefur yl,
fær mig til að finna til
og er með orðum sem ég skil.

*Ef þú finnur hreinan tón
sem hæfir hjartastað
þá er söngurinn einmitt
galdurinn sem getur það.*

Hvar sem þú kemur og hvert sem þú ferð
í hjartanu sönginn þú berð.

*Því ef þú finnur hreinan tón
sem hæfir hjartastað
þá er söngurinn einmitt
galdurinn sem getur það.*

Syngdu ef þú átt söng sem hjartað sker.
Hann má fjalla um hvað sem er
og ég mun syngja hann að eilífu með þér.

Föstudagslagið

Lag og texti: Sigurlaug Elín Þórhallsdóttir

Hvaða dagur er í dag?
Hvaða dagur er í dag?
Það er föstudagur í dag
og við syngjum föstudagslag!

Það er ekki skóli á morgun
og það er ekki skóli á hinn.
Því það er föstudagur í dag
og við syngjum föstudagslag!

Kannski hittumst við í sundi!
Kannski klöppum við sætum hundi!
Lúrum lengi á laugardaginn og
bökum pönnsur á sunnudaginn!
Því það er föstudagur í dag
og við syngjum þetta lag!

Negro, blanco, rojo

Breskt þjóðlag

Ljóð: Höfundur ókunnur

Negro, blanco, rojo,
rosa, amarillo,
verde, violeta,
azul y naranja.

Sokkablús

Lag og ljóð: Auður Guðjohnsen

Ég vaknaði í morgun (ég vaknaði í
morgun)
við gargaði í klukkunni (við gargaði í
klukkunni).
Mig langaði' ekki' á fætur (Mig langaði'
ekki' á fætur),
bara vera' undir sænginni (bara vera'
undir sænginni).

Ég fór allt of seint að sofa þótt ég væri
búinn að lofa að drífa mig háttinn í.

Það vantar samstæða sokka (samstæða
sokka)!

Ég tómu tjóni' er í (Ég tómu tjóni' er í)!
Það vantar samstæða sokka (samstæða
sokka)!
Ég tómu tjóni' er í (Ég tómu tjóni' er í)!

Í endalausum basli við að leita' í þessu
drasli og skil ekki neitt í því!

Tókst loks að finna leppa (Tókst loks að
finna leppa).

sem líktust sokkum tveim (sem líktust
sokkum tveim).

Buxunum reyndi' að hneppa (Buxunum
reyndi' að hneppa),
en þá var gat á þeim (en þá var gat á
þeim)!

Ég fór allt of seint að sofa þótt ég væri
búinn að lofa að drífa mig háttinn í.

Það vantar samstæða sokka (samstæða
sokka)

Ég tómu tjóni' er í (Ég tómu tjóni' er í)
Það vantar samstæða sokka (samstæða
sokka)

Ég tómu tjóni' er í (Ég tómu tjóni' er í)

Í endalausum basli við að leita' í þessu
drasli og skil ekki neitt í því!

Lóan er komin

Lag: James A. Bland

Ljóð: Páll Ólafsson

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefir sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefir sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefir sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Kveiktu á ljósi

Lag og ljóð: Valgeir Guðjónsson

Kveiktu á ljósi hvar sem þú ert.
Kveikirðu' á öðru er betur að gert.
Þó loginn sé veikur samt lýsir hann sterkt
og ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.

Kveiktu á ljósi hvert sem þú ferð.
Sama hve byrðin er þung sem þú berð.
Láttu það lýsa á allt sem þú sérð
og ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.

Þó viljinn sé veikur er vonin samt sterk,
koma má mörgu og miklu í verk.
Það sem þú gerir er það sem þú ert,
þín verður minnst fyrir það sem var gert.

Já, kveiktu á ljósi hvenær sem er,
láttu það lýsa innra með þér.
Hvernig sem lánast og leikritið fer
og ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.
Nei, ekki gleyma öðru ljósi' að morgni.